

Aðalfundur Bandalags Íslenskra leikfélaga 2022

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.

Guðfinna Gunnarsdóttir formaður Bandalagsins setur þennan 72. aðalfund BÍL.

Hún býður alla velkomna.

Guðfinna stingur upp á Lísu Einarsdóttur og Brynju Ýr Júlíusdóttur sem fundarstjórum og Jónheiði Ísleifsdóttur og Sigrúnu Tryggvadóttur sem fundarriturum sem er samþykkt. Búið er að kanna lögmæti fundar og hann er löglegur.

Lísa fundarstjóri stígur í pontu og býður alla velkomna. Hún biður fundargesti að kynna sig sem þeir og gera.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Gerður les upp þau leikfélög sem eiga atkvæðisrétt á fundinum. Sigríður Lára deilir út atkvæðaspjöldum til félaganna. Það eru 13 félög með atkvæði á fundinum.

Gerður kynnir hverjir eiga að ganga úr stjórn.

Kjósa þarf um 3 aðalmenn í stjórn. Jónheiður Ísleifsdóttir, Anna María Hjálmarsdóttir og Ólöf Þórðardóttir hafa skipað þessi sæti og gefa þær allar kost á sér áfram.

Kosið verður um 2 sæti í varastjórn. Magnþóra Kristjánsdóttir og Þórfríður Soffía Þórarinsdóttir hafa skipað þessi sæti. Magnþóra gefur ekki kost á sér áfram en Þórfríður gefur kost á sér áfram.

Gerður tekur fram að öllum sé frjálst að bjóð sig fram í stjórn bandalagsins og óskar eftir framboðum í öll þessi stjórnarsæti.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Guðfinna les menningarstefnu Bandalagsins. Engar umræður um mennigarstefnuna.

4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Leikfélag Flateyrar hefur óskað eftir inngöngu, erindi var sent inn 21. mars og les Ólöf það upp. Fulltrúi Flateyringa er á staðnum og gleðst fundur yfir því og fagnar með lófaklappi.

Tvö félög ganga sjálfkrafa út vegna ógreiddra félagsgjalda síðustu 2 ár. Leikfélag Gnúpverja og Leikfélagið Óríon.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundarstjóri bendir á að aðalfundargerð síðasta fundar sé aðgengileg á vefnum og kallar eftir athugasemdum.

Engar athugasemdir og fundargerð síðasta aðalfundar er afgreidd samhljóða.

6. Skýrsla stjórnar.

Guðfinna les skýrslu stjórnar:

Skýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga á aðalfundi í Keflavík 30. apríl 2022

I. Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, formaður
Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, varaformaður
Gísli Björn Heimisson, Reykjavík, ritari
Anna María Hjálmsdóttir, Akureyri, meðstjórnandi
Jónheiður Ísleifsdóttir, Selfossi, meðstjórnandi.

Í varastjórn sátu:

Anna Margrét Pálsdóttir, Þórfríður Þórarinsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir, Sigrún Tryggvadóttir og Brynja Ýr Júlíusdóttir.

Framkvæmdastjóri í þjónustumiðstöð er Hörður Sigurðarson. Starfsmaður á skrifstofu var Erla Hrönn Vihjálmsdóttir. Hún hefur starfað hjá okkur í hlutastarfi við handritasafn og önnur tilfallandi verkefni á þjónustumiðstöð.

Stjórn hélt fjóra starfsfundi á árinu. Einn að afloknum aðalfundi í Reykjanesbæ í maí og þrjá í þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík. Fjarfundarbúnaður var eðlilega notaður sem og hópsamskipti til að leysa úr ýmsum úrlausnarefnum.

Er stjórn og skólanefndarfélagi þökkun góð samvinna á árinu og Herði framkvæmdastjóra er einnig þakkað fyrir frábært samstarf.

II. Starfsemi félaganna

15 félög sendu inn styrkumsókn vegna 32 leiksýninga og leikþátta og 23 námskeiða. Styrkur fyrir sýningu í fullri lengd var 432.000 kr. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári, en það er að lifna við. Félögin í Bandalaginu voru í vor 37 talsins.

III. Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar.

Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Rekstur þjónustumiðstöðvar er alltaf í járnum. Þessi setning er fasti í skýrslu stjórnar því miður. Framkvæmdastjóri hefur verið mjög útsjónarsamur og leitað ýmissa leiða til að lækka almennan rekstrarkostnað.

Unnið hefur verið að endurnýjun og betri skönnun á handritasafninu okkar, en safnið sem er það eina og stærsta á landinu er gríðarlega mikilvægur hluti af okkar rekstri. Framkvæmdastjóri ásamt stjórnarfélaginu Gísli og Jónheiði voru sett í nefnd þar sem skoða á leiðir til að útvíkka safnið og hanna það áfram.

Framkvæmdastjóri fundaði með forsvarsfélagi Rithöfundasambandsins og Borgarbókasafnsins um að bjóða leikrit úr okkar safni til láns í Rafbókasafninu. Líklegt er að við þurfum að gera sérstakan samning við Rithöfundasambandið til að verða einhverskonar birgir fyrir Borgarbókasafnið hvað leikrit varðar. Þarna gæti verið sóknarfæri fyrir okkur þar sem Borgarbókasafnið er væntanlega tilbúið að greiða árgjald fyrir aðgang að leikritum frá okkur.

Eftir úthlutun styrkja til félaganna sat eftir upphæð sem fór í húsnæðissjóðinn góða. Við skoðuðum eina fasteign, en ákváðum að bíða með fasteignakaup og fylgjast vel með húsnæðismarkaði áfram. Rekstur þjónustumiðstöðvar þarf að vera stöðugur og við þurfum að sjá fram á að fjármálastaðan sé góð áður en við festum okkur í húsnæði. Við þurfum að hafa efni á að eiga hús og reka það. Hver kannast ekki við slíkar þælingar. Á meðan bíður sjóðurinn, ekkert liggur á.

Salan í búðinni okkar góðu hefur farið niður á við undanfarin 10 ár, en það má skýra með aukinni netverslun og fækkun félaga meðal annars. Hins vegar erum við að selja mikla gæðavöru og við getum öll hjálpast að við að auglýsa búðina sem víðast á netinu.

Við erum komin með Instagramreikning og getum nýtt hann til að koma boðskapnum sem víðast, endilega fylgið og deilið. Einnig nýtast miðlarnir okkar sem ókeypis auglýsing fyrir verkefni ykkar. Eina sem þið þurfið að gera er að senda okkur fréttir og myndir.

Stöðug vinna er við vefinn okkar leiklist.is. Vefurinn er löngu orðinn aðalstjórnartæki og þungamiðja í starfsemi þjónustumiðstöðvar og líklegt að það aukist næstu árin. Vefurinn var upphaflega settur á stofn til að birta fréttir af starfsemi félaganna og þjónustumiðstöðvar en notkunargildi hans er löngu orðið margfalt meira en það. Vefurinn er tæki fyrir skipulag og upplýsingagjöf og samskipti fyrir fjölmargt sem ekki er kannski sýnilegt utanaðkomandi. Vefverslunin verður sífellt umfangsmeiri en bein sala á staðnum hefur að sama skapi minnkað. Þá nýtist vefurinn stjórn og nefndum á beinan hátt með ýmskonar upplýsingagjöf, fundargerðum o.fl. Vefurinn er síðan gátt fyrir félögin til að senda inn umsóknir og upplýsingar af ýmsu tagi, t.d. umsóknir fyrir ríkisstyrk og Athyglisverðustu áhugaleiksýninguna, upplýsingar um nýjar stjórnarmenn, umsóknir nemenda í Leiklistarskólann, Leikstjórastöðina o.fl.

Um skólann góða mun Hrefna skólastýra fjalla í skýrslu hér á eftir.

Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna er nú 18,5 milj. kr. Til þjónustumiðstöðvarinnar var framlagið 6,5 milljónir árið 2020 og hækkaði upp í 7 milj. kr. árið 2021 samkvæmt samningi og á að hækka sem nemur hálfri milljón á ári skvt. munnlegu loforði. Rekstrarsamningurinn rann út síðastliðin áramót og hefur ekki enn verið gengið frá framlengingu á honum þó ráðuneytið fullvissi okkur um að svo verði. Umfangsmiklar breytingar á skipan ráðuneyta hefur aðallega valdið þessum drætti á að ganga frá nýjum samningi. Þjónustumiðstöð hefur fengið um hálfa milljón á mánuði upp í nýjan samning sem heldur okkur á floti en brýnt er þó að gengið verði frá samningi sem fyrst.

Halda leiklistarhátíð í tengslum við aðalfund 2022, vegna 70 ára afmælis BÍL.

Við matum það svo að félögin væru að einbeita sér að koma á almennu starfi á ný eftir þurratíð undanfarinna tveggja ára og settum þennan lið á ís. Það er ekkert því til fyrirstöðu að leggja slíka hátíð til fyrir næsta fund.

IV – Önnur mál

Erlent samstarf. Venju fremur reynum við að fylgjast með og mögulega taka þátt í erlendu samstarfi eins og kostur er. Við leggjum mesta áherslu á samstarf í NEATA, þar sem Norðurlöndin og Eystrasaltlöndin eru í samstarfi. Þar hefur verið fundað mikið á netinu og vonir standa til að næsta NEATA hátíð verði haldin í Svíþjóð, Örebro nánar tiltekið núna í september. Það sem er spennandi við þá hátíð eru að hugmyndin er að þar verði stuttverkahátíð og vona ég innilega að okkar leikfélög taki þátt. Noregur er svo með næstu NEATA hátíð 2024.

Stjórn NEATA hefur nýverið fengið styrk til að styðja við samskiptanet aðildarlandanna.

Styrkurinn mun gera kleift að halda 3 fundi í holdinu í þremur mismunandi löndum. Fundir eru áætlaðir í Litháen í nóvember á þessu ári, Danmörku í apríl og á Íslandi í september 2023.

Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur starf NEATA á nýrri vefsíðu neata.eu. Við sendum ekki fulltrúa á AITA/ IATA hátíð alþjóðaleikhússambandsins í Mónakó sem haldin var í fyrra, en fengum fulltrúa til að halda á atkvæðinu okkar.

Unnið hefur verið í samstarfsverkefni ungmenna (Nordic Masterclass) og er búið að senda inn umsóknir um styrki til þess. Ef af verður er mögulegt að hluti verkefnisins fari fram hér á landi. Bændablaðið hefur haldið starfsemi áhugaleikfélaga á lofti undanfarið ár með viðtölum og umfjöllun um starfsemina sem er frábært. Meira svona.

Við tókum þátt í World Theatre Day 27. Mars með NEATA löndunum í myndbandi þar sem börn töluðu um leiklist.

Það er einkar gleðilegt að sjá leiklistarstarf lifna við, sérstaklega nú á vormánuðum. Það þarf kraft og þor til að hefja starfið að nýju eftir hlé. Við hvetjum ykkur til að halda áfram. Hittast, skapa, skoða, hlæja og vera saman. Við þurfum á leiklist að halda hvar sem við er komið. Það er hins vegar einkar ömurlegt að fylgjast með sterkum, rótgrónum leikfélögum sem hafa haft mikil áhrif á sitt nærumhverfi, alið upp áhorfendur og iðkendur, farið með stórgóðar sýningar á leiklistarhátíðir erlendis við mjög góðan orðstí, virkjað sköpunarkraft sinna félagsmanna og skapað nýjar leikhúshéðir og fyllt leikritasafnið okkar af nýjum allskonar leikverkum, vera sett út í kuldann í sínum sveitarfélögum, að skynja algjört skilningsleysi á hvernig þessi félög virka og hversu frábær þau eru og hversu mikilvæg þau eru fyrir menningarstarfsemi og nú segi ég það bara, á höfuðborgarsvæðinu, en þar er eitthvað skrítið í gangi, vonandi ekki víðar. Ég gæti fyllt heilt leikhús af fólki sem hefur haft yndi af að taka þátt í þeirra félagsstarfi sem iðkendur eða áhorfendur, ég gæti líka sett upp stóra sýningu með fólki sem hefur alist upp í þessum félögum og farið áfram til starfa í leiklist, innan sviðs sem utan. Þurfum við kannski öll að bera vitni, taka upp myndbönd og senda út, tagga allt í drasl, hvað getum við gert? Það vonandi náum við góðu samtali um hér á eftir í málstofu um stöðu leikfélaganna. Þar getum við deilt reynslu okkar, fengið góð ráð um hvaðeina sem er að plaga ykkur, hvort sem það varðandi húsnæði, mönnun, fjármál og fleira.

Við í stjórninni og okkar góði framkvæmdastjóri erum ávallt til skafs og ráðagerða ef eitthvað er. Megi leiklistarsólin skína ykkar megin í lífinu. Að skapa er að vera.

Fundarstjóri þakkar Guðfinnu fyrir stórgóða skýrslu og býður Hörð velkominn til að leggja fram og kynna ársreikning.

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Hörður talar um að því miður séu reikningar ekki tilbúnir og biðst hann afsökunar á því. Nokkrar ástæður eru að baki því en sú helsta er að skipt var um bókhaldskerfi á miðju síðasta ári og hann hreinlega vanmat hve mikla vinnu þyrfti til þess. Hann er með uppkast af reikningum og býðst til að renna yfir uppkast og fer fram á það við fund að hann samþykki uppkast reikninga með þeim

fyrirvara að skoðunarmenn reikninga samþykki þá þegar þeir eru tilbúnir. Hann biður um frest til að fá að kynna uppkast aðeins seinna á fundinum.

Fundur samþykkir það með öllum atkvæðum og frestast því liður 7 og 8 þar til seinna. Farið er beint í lið 9.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

Fundarstjóri kynnir Hrefnu til leiks og les hún upp skýrslu skólanefndar.

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 30. apríl 2022

Á liðnu starfsári sátu í skólanefnd Hrefna Friðriksdóttir, formaður, Dýrleif Jónsdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Formaður þakkar kærlega öllu samnefndarfólki og framkvæmdarstjóra BÍL fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Við vorum í skýjunum með að geta boðið nemendum í leiklistarskólann okkar að Reykjum sumarið 2021 eftir að hafa neyðst til að fella niður skólastarf sumarið 2020 vegna Covid-19. Boðið var upp á fjögur námskeið:

- 1. Leiklist II** – kennari Ólafur Ásgeirsson, sem kenndi hjá okkur í fyrsta sinn.
- 2. Leikstjórn I** – kennari Vala Fannell, sem einnig kenndi hjá okkur í fyrsta sinn.
- 3. Leikarinn sem skapandi listamaður** – kennari var hinn margreyndi Rúnar Guðbrandsson.
- 4. Tjöldin frá: Leikmynda- og búningagerð** – kennarar voru Eva Björg Harðardóttir og Ingvar Guðni Brynjólfsson og var Ingvar að kenna hjá okkur í fyrsta sinn.

Nemendur voru alls 50 og benti viðhorfskönnun almennt til mikilar ánægju með skólastarfið. Við erum sérstaklega ánægð með að viðhalda tengslum við þrautreynda kennara en um leið fá nýtt og metnaðarfullt fólk til starfa.

Auk nemenda voru 5 höfundar í heimsókn og var þetta samanlagður metfjöldi fólks í skólanum.

Árið 2022 er skólinn ráðgerður frá 18.-26. júní. Boðið er upp á þrjú námskeið:

- 1. Leiklist I** - kennari Ólafur Ásgeirsson. Skráðir eru 18 nemendur.
- 2. Leikstjórn II** - kennari Jenný Lára Arnórsdóttir, sem er að kenna hjá okkur í fyrsta sinn. Skráðir eru 9 nemendur.
- 3. Hvernig segjum við sögu? - sérnámskeið fyrir leikara** - kennari Ágústa Skúladóttir. Skráðir eru 12 nemendur.

Þá er höfundum boðið í heimsókn og er aðsókn eftir þessu meiri en nokkru sinni fyrr, alls 14 umsóknir.

Við erum afar þakklát fyrir áhugann á skólastarfinu og spennt fyrir samstarfi við nýjan kennara og þá sem hafa verið með okkur áður. Hlökkum mikið til að njóta þess skemmtilega og skapandi starfs sem alltaf hefur einkennt skólann okkar.

Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar. Takk fyrir!

Fundarstjóri opnar umræður um skýrslu skólanefndar.

Jónheiður kveður sér hljóðs og hvetur alla til að kynna sér Leiklistarskóla Bandalagsins og koma ef fólk finnur eitthvað við sitt hæfi.

Sigríður Lára stígur í pontu og vill halda áfram að peppa. Hún vill hvetja fólk til að fara í skólann og talar einnig um leiklistarhátíðir og hvetur leikfélögin til að skoða það að fara á leiklistarhátíðir á erlendri grundu þó það virðist óyffirstíganlegt. Það er svo mikils virði og skilar miklu inn í félögin að sjá hvað aðrir eru að gera, sjá aðstöður í öðrum löndum. Þetta skilar miklu meira en við höldum.

Lilja frá LH stígur í pontu og talar um að hún sé ný í leiklistinni en að leiklistarskólinn sé ein magnaðasta lífsreynsla með hún hefur upplifað. Hún var næstum búin að snúa til á fyrsta degi en hélt áfram. Allir voru mættir með sameiginlegt áhuga og fengu að vera þeir sjálfir án þess að vera skilgreindir af starfi eða fjölskyldu eða öðru. Þú sem manneskja ert í forgrunni og leiklistaráhuginn er það eina sem skiptir máli. Og svo fær maður fullt af knúsum. Þetta er besta leiðin til að fá fólk til að ánetjast leiklistinni.

Engar frekari spurningar eða athugasemdir við skýrsluna þannig að fundarstjóri býður Herði að fara aftur í lið 7. og kynna drög að ársreikningi.

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Komum aftur að þessum lið eftir frestun.

Hörður kynnir drög að ársreikningum Bandalagsins.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Fundarstjóri opnar umræður um skýrslu stjórnar og reikninga bandalagsins.

Ingveldur spyr afhverju Hörður haldi að við eigum eftir að koma út í tapi - einnig hefur hún áhuga á að vita hvað framkvæmdastjóri heldur að eigi eftir að breytast og hvort það sé leyfilegt

að samþykkja reikninga með fyrirvara um samþykki skoðunarmanna eða hvort það sé betra að halda framhaldsfund þar sem reikningar yrðu samþykktir.

Hörður kemur upp og talar um að það hafi einfaldlega verið tilfinning að rekstur kæmi út í tapi.

Helstu breytingar ættu aðeins að vera þær að einstök atriði hreyfast á milli lykla en niðurstöðutölur ættu að vera nokkuð réttar.

Guðfinna leggur til rafrænan framhaldsfund í september en Hörður stingur upp á maí. Ákveðið er að stjórn semji formlega tillögu.

Sigríður spyr hvaða 10 milljónir þetta séu. Hörður skýrir málið. Vegna fárra umsókna félaga í fyrra vegna Covid leit út fyrir að örfá félög sem voru nógu heppin að ná að sýna, myndu skipta með sér digrum potti en önnur sætu eftir með sárt enni. Var því ákveðið að fastsetja mínútugjaldið við meðaltal síðustu 2ja ára, og setja það sem eftir stæði í nýstofnaðan húsnæðissjóð BÍL. Jafnframt var ákveðið að setja til hliðar 3 milljónir úr pottinum til að bæta við úthlutun 2022.

Fundarstjóri biður Ólöfu að lesa upp tillögu um frestun á samþykki ársreikninga.

Ólöf les upp tillöguna:

“Stjórn leggur til að samþykkt ársreikninga verði frestað til afgreiðslu á framhaldsaðalfundi eins fljótt og auðið er.”

Tillagan er samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri leggur til fundarhlé í 10 mínútur.

HLÉ 10:50-11:00

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Guðfinna kynnir starfsáætlun Bandalagsins. Starfsáætlun er óbreytt frá því í fyrra.

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Sérverkefni

1. Halda leiklistarhátíð í tengslum við 70 ára afmæli BÍL árið 2020.

Sérverkefni, laga þarf orðalag.

“Halda leiklistarhátíð í tengslum við Aðalfund Bandalagsins árið 2023, vegna 70 ára afmælis BÍL árið 2020.”

Guðfinna opnar fyrir umræður.

Ingveldur biður Guðfinnu að fara aftur yfir einstaka liði starfsáætlunar.

Guðfinna fer aftur yfir starfsáætlun og talar um að starfsáætlun sé verkefnalisti stjórnar og sé óbreytt ár frá ári fyrir utan sérverkefni.

Hanna Margrét er að velta fyrir sér samstarfi milli leikfélaganna og að það væri kannski möguleiki að fá að nýta húsnæði hjá öðrum leikfélögum.

Ingveldur talar um að LH sé núna í samstarfi við Hugleik og Leikfélags Kópavogs um höfundasmiðju. Hugleikur leggur til húsnæði fyrir skrif og sýnt verður hjá LK. Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir Leikfélag Hafnarfjarðar. Stuttverkadagskrá verður sýnd um næstu helgi hjá LK.

Hanna Margrét talar aftur um Hala leikhópurinn sé með í burðarliðnum að halda stuttverkahátíð í sambandi við 30 ára afmæli og þau langar að bjóða öðrum félögum á höfuðbogarsvæðinu að taka þátt.

Sigríður Lára spyr um skipulagningu á leiklistarhátíð í sambandi við aðalfund á næst ári. Hún spyr hvort verið sé að spá í stuttverkahátíð eða lengri verk. Guðfinna segir að hugmyndin hafa verið að hafa stuttverkahátíð en það sé allt til umræðu.

Guðfinna minnst á möguleika á að halda örnámskeið í stjórnun leikfélaga í sambandi við framhalds aðalfund.

Ólöf stingur upp á því að hafa félagsfund í haust þar sem hægt væri að vera með námskeið.

Fundur tekur undir að það gæti verið þörf á því að hafa þannig fund. Stjórn mun semja formlega tillögu um að bæta þessum fundi á starfsáætlun næsta árs.

Engar frekari spurningar.

Fundarstjóri býður kjörnefnd að taka við næsta lið.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. einum aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.

Gerður kynnir framboð.

Allir stjórnarmenn sem áttu að ganga úr stjórn bjóða sig fram áfram en það eru þær: Jónheiður Ísleifsdóttir, Anna María Hjálmarsdóttir og Ólöf Þórðardóttir.

Engin frekari framboð hafa borist en framboðsfrestur hefur enn ekki runnið út.

Kosið verður um tvö sæti í varastjórn. Magnþóra Kristjánsdóttir og Þórfríður Soffía Þórarinsdóttir hafa skipað þessi sæti. Magnþóra gefur ekki kost á sér áfram en Þórfríður gefur kost á sér áfram.

Komið hafa fram þrjú framboð í tvö sæti í varastjórn.

- Lilja Guðmundsdóttir (Leikfélagi Hafnarfjarðar)
- Hanna Margrét Kristleifsdóttir (Halaleikhópurinn)
- Þórfríður Soffía Þórarinsdóttir (Leikfélag Norðfjarðar)

Fundarstjóri þakkar Gerði fyrir og kynnir næsta lið.

12. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Ólöf leggur fram áframhaldandi tillögu við húsnæðissjóðs.

Tillaga lögð fram af stjórn BÍL á aðalfundi 2022 í Reykjanesbæ.

Aðalfundur BÍL gefur stjórn heimild til kaupa eða leigu á húsnæði ef aðstæður krefjast, þar sem óvissa er um framhald leigu í núverandi húsnæði. Jafnframt er veitt heimild til lántöku ef hentugt húsnæði finnst til kaupa. Ef stjórn afræður að kaupa húsnæði, skal svo fljótt sem auðið er boða til félagsfundar Bandalagsins og atkvæðagreiðslu um kaupin. Til að auðvelda og flýta ákvarðanatöku skal félögum standa til boða að taka þátt í fundinum á vefnum og greiða þar atkvæði.

Stungið er upp á að bæta við hversu lengi tillagan gildi og er eftirfarandi bætt við:

“Umboð þetta gildir til næsta aðalfundar BÍL árið 2023.”

Tillagan hljóðar því svona:

“Aðalfundur BÍL gefur stjórn heimild til kaupa eða leigu á húsnæði ef aðstæður krefjast, þar sem óvissa er um framhald leiku í núverandi húsnæði. Jafnframt er veitt heimild til lántöku ef hentugt húsnæði finnst til kaupa. Ef stjórn afræður að kaupa húsnæði, skal svo fljótt sem auðið er boða til félagsfundar Bandalagsins og atkvæðagreiðslu um kaupin. Til að auðvelda og flýta ákvarðanatöku skal félögum standa til boða að taka þátt í fundinum á vefnum og greiða þar atkvæði. Umboð þetta gildir til næsta aðalfundar BÍL árið 2023.”

Fundarstjóri ber tillögu upp til atkvæða og er hún samþykkt með öllum atkvæðum og lýsir eftir fleiri tillögum.

Ólöf kveður sér aftur hljóðs og ber upp eftirfarandi tillögu:

“Stjórn BÍL leggur til að 1,5 milljónir króna af verkefnastyrk aðildarfélaganna árið 2022 verði látin ganga til rekstrar þjónustu miðstöðvar Bandalagsins.”

Hún útskýrir svo afhverju þessi þörf sé fyrir hendi. Hörður sýnir þróun þessarar upphæðar frá árinu 2006 og hafa þetta verið 1-3 milljónir frá árinu 2006.

Ólafur frá LH spyr afhverju 1,5 milljónir og talar Ólöf um að það sé sú upphæð sem stjórn og framkvæmdastjóri sjá fram á að muni vanta í reksturinn.

Guðfinna ræðir einnig um að rekstrarstyrkurinn hafa farið niður í 5 milljónir eftir hrun og hefur hann hækkað mjög hægt og hefði verið gott ef hann hefði farið í 10 milljónir fyrir tíu árum og svo hækkað í samræmi við verðlag en það hefur ekki gerst. Þess vegna hefur þessi leið verið farin.

Ólafur spyr hvort þessi heildarstyrkur sé eyrnamerkur félögunum og svara Hörður því játandi en minnst á það að ráðuneytið hafi alltaf samþykkt úthlutun samkvæmt samþykki stjórnar BÍL.

Fundarstjóri ber tillöguna undir fundinn og er hún samþykkt samhljóða með öllum atkvæðum og kallar eftir fleiri tillögum.

Örn frá Leikfélagi Kópavogs stígur í pontu og leggur eftirfarandi tillögu fyrir fundinn:

“Lagt er til að stjórn bandalagsins kanni hjá fyrirtækjaskrá skattsins hvort BÍL geti í nafni þeirra leikfélaga sem sækja um styrk til BÍL og skila ársreikningi hvort BÍL geti sent inn lista þeirra félaga á almannaheillaskrá vegna skattafrádráttar ár hvert. En endurnýja skal skráningu á almannaheillaskrá árlega fyrir hvert byrjað almanaksár eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Einning að skrá skrifstofa BÍL á almannaheillaskrá en þá skapist tækifæri fyrir BÍL að leita styrkja hjá stærri aðilum til að auka tekjur skrifstofunnar og jafnvel styrki til leikfélagana.”

Örn er beðin um að útskýra þetta aðeins betur og talar um að þetta gefi styrkveitum tækifæri til að fá skattaafslátt af styrkjum.

Jónheiður spyr hvort það séu reglur um hvers konar félög hægt sé að skrá á almannaheillaskrá.

Örn talar um að þetta séu félög í æskulýðs og menningarmálum og að krafan sé að þau skili ársreikningi og skattaskýrslu. Bandalagið skilar þessu inn til ríkisskattstjóra nú þegar og tekur við ársreikningum frá félögunum.

Guðfinna og Ólöf taka undir tillöguna og þakka Erni fyrir og tala um að þetta muni mögulega hjálpa til við að afla styrkja fyrir leiklistar.

Fundarstjóri les tillöguna upp aftur og ber hana undir fund. Umræður myndast um hvort sé hægt að gera þetta strax og það virðist vera möguleiki að skrá núna en svo verður fresturinn 15. febrúar hvert ár.

Tillaga er borin undir fund og samþykkt samhljóða.

14. Starfsáætlun afgreidd.

Breytingartillaga hefur borist við starfsáætlun og hljómar hún svona:

“Undir Sérverkefni bætist við:

2. Halda vinnustofu í tengslum við framhaldsaðalfund árið 2022.”

Ný starfsáætlun er borin upp til atkvæða og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Verið er að kanna hádegismat og lýst er eftir bröndurum. Hörður sýnir myndbandið sem NEATA bjó til fyrir World theater day og deildi á vefnum og samfélagsmiðlum. Fundurinn fagnar þessu framtaki.

15. Stjórnarkjör.

Fundarstjóri býður Gerði í pontu að stýra stjórnarkjöri.

Gerður kynnir frambjóðendur og býður frambjóðendum að kynna sig.

Jónheiður Ísleifsdóttir, Ólöf Þórðardóttir og Anna María Hjálmarsdóttir gefa einar kost á sér sem stjórnarmenn í stjórn Bandalagsins og eru kosnar áfram með lófaklappi.

Þrjár eru í framboði til tveggja lausra sæta í varastjórn:

- Lilja Guðmundsdóttir (Leikfélagi Hafnarfjarðar)
- Hanna Margrét Kristleifsdóttir (Halaleikhópurinn)
- Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir (Leikfélag Norðfjarðar)

Frambjóðendur í varastjórn kynna sig stíga í pontu einn af öðrum.

Kjörnefnd biður fundarmenn að ganga til atkvæða, safnar atkvæðum og les upp. Þórfriður er kosin áfram í fyrstu umferð en Hanna og Lilja eru jafnar þannig að það er kosið aftur á milli þeirra. Í annarri umferð er Þórfriður kosin áfram með einu atkvæði meira en Hanna.

Kosnar í varastjórn til næstu tveggja ára eru Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir og Lilja Guðmundsdóttir.

Fundurinn fagnar með lófaklappi.

16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

Kjörnefnd er Dýrleif Jónsdóttir, Gerður Sigurðardóttir og Sigga Lára og Axel Vatnsdal til vara. Kjörnefnd gefur kost á sér áfram.

Óbreytt skipan er samþykkt með öllum atkvæðum.

b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

Dýrleif Jónsdóttir og Oddfreyja Oddfreysdóttir gefa áfram kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og er stungið upp á Ingveldi Þórðardóttur sem skoðunarmanni reikninga til vara.

Skoðunarmenn reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Fundastjóri gerir hlé á fundi fyrir hádegisverð. Fundur mun hefjast aftur kl 13.

HLÉ

Fundarstjóri býður fundargesti velkomna aftur og heldur áfram fundi.

17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.

Sigrún Tryggvadóttir kynnir tillögu stjórnar að árgjaldi BÍL 2022-2023.

Sigrún útskýrir að hækkunin sé yfirleitt ákveðin í samræmi við vísitölu neysluverðs. Milli áranna 2021-2022 er um það bil 7% hækkun en stjórn leggur til að fara bil beggja og hækka árgjaldið aðeins um 3,5%.

Tillaga stjórnar að árgjaldi leikárið 2022-2023:

“Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2022-2023 verði kr. 88.000.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálft gjald eða kr. 132.000 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 176.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálft árgjald eða kr. 44.000.”

Fundarstjóri ber tillögu upp til atkvæða og er hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

18. Önnur mál

Ásdís frá Leikfélagi Norðfjarðar kveður sér hljóðs og færir okkur boð frá stjórn Leikfélags Norðfjarðar um að halda Bandalagsþing þar að ári. Hún þakkar fyrir góðan fund en þarf því miður frá að hverfa.

Sigríður Lára stígur í pontu og talar um að hún hafi verið á ráðstefnu International Federation of Theater Research árið 2010 (iftr.org) og upp frá því farið að viðra þá hugmynd að halda ráðstefnuna á Íslandi.

Núna verður ráðstefnan á Íslandi í 20.-24. júní 2022. 850 manns sendu inn erindi á ráðstefnuna og er því gert ráð fyrir fjölda manns. Ráðstefnan verður haldin í Háskóla Íslands.

Þessi ráðstefna er yfirleitt ætluð fyrir umræður um atvinnuleikhús en oft eru umræður um áhugaleikhús og þátttökumenningu.

Hægt er að skrá sig sem sjálboðaliða á ráðstefnuna og fá þá að taka þátt í ráðstefnunni. Ráðstefnan verður haldin í Háskóla Íslands.

Lilja og Viktor (gegn sínum vilja) stíga í pontu og les upp úr grein sem skrifuð var af Árna Matthíassyni og Árna Áskelssyni og birtist á [vísir.is](http://visir.is) í lok apríl.

Þau hafa nýlega skapað vettvang til að bera hróður áhugaleikhússins um allt land. Þau hafa stofnað hlaðvarpið Samlestur þar sem er spjallað, sungið, lesin leikrit og áhugi fólks áhugaleikhúsi.

Ef fólk hefur áhuga á að vera með þá má endilega hafa samband við þau og þau hvetja alla til að dreifa upplýsingunum sem víðast og hjálpa til að við að auglýsa hlaðvarpið. Þau eru bæði á facebook og Instagram.

Málstofa

Guðfinna hefur málstofu um stöðu leikfélaga í Covid og í kjölfar þess.

Vandamálín sem leikfélögin standa frammi fyrir eru ólík en þau felast í eftirfarandi

- * Húsnæðisvandi
- * Fjárhagsvandi
- * Nýliðunarvandi
- * Stjórnunarvandi
- * Vandí við að fá fólk í vinnu á bak við tjöldin.

Guðfinna stingur upp á að fólk setji á blað punkta, einnig um það sem er vel gert og svo deilum við okkar á milli. Hún stingur upp á 5-10 mínútum í umræður og setja punkta á blað.

Hún stingur upp á að fólk tali um hvað er að og afhverju og svo er hægt að ræða hvað er hægt að gera.

Hún býður Tóro að byrja.

Þórarinn (Tóro) segir frá stöðunni hjá Hugleik. Hugleikur starfar í Reykjavík og á 40 ára afmæli á næstunni. Framan af voru húsnæðismál reddingar hjá borginni en frá 2004 hefur félagið átt eigið húsnæði fyrir æfingar og félagastarfsemi en var ekki ætlað til sýninga þó stundum hafi verið sýnt þar. Sýningarhúsnæði í borginni hefur minnkað. Tjarnarbíó var tekið í gegn og var planið að þar væri aðstaða fyrir sjálfstæðu leikhópana og áhugaleikfélögin en því miður er erfitt fyrir áhugafélögin að fá inni þar þó það hafi gerst. Þau sýndu á tímabili í möguleikhúsinu en það er búið að breyta því rými í geymslur og á fleiri stöðum þar sem þau hafa sett upp frá grunni. Nú eiga þau kjallarahúsnæði þar sem hægt er að æfa og hafa félagsstarfsemi en það hentar illa til sýninga þó það hafi verið sýnt þar. Gerður var samningur við borgina fyrir hrun en hann hefur ekki verið endurnýjaður síðan 2012. Þau þurfa að sækja um á hverju ári og á síðasta ári fengu þau ekkert. Þau búa að því af því þau eru á Höfuðborgarsvæðinu og eru þá í samkeppni við sjálfstæðu leikhópana og borgin vill frekar greiða laun listamanna en rekstur áhugaleikfélaga. Erfitt að skipuleggja stórt verkefni þegar lítið er um sýningarhúsnæði og þar af leiðandi erfitt að vekja áhuga hjá nýju fólki. Þau eiga pening í svona hálf ár og ætla að halda áfram að sýna og reyna að fá styrki sem fleyta þeim eitthvað áfram.

Guðfinna spyr hvort þau hafi skoðað eitthvað styrkveitingar til annarar svipaðar menningarstarfsemi eins og td. kóra.

Tóro svarar og segir að ef það er ekki meðvitund um söguna og tilgang áhugaleikfélaga þá virðist erfitt að fá styrki til þessarar starfssemi. Þau báðu um samning við borgina en fengu neitun og var bara bent á sækja bara um í sameiginlega sjóði. Örn bætir við að svipað sé uppi á teningnum í Kópavogi og bætir við að ekki þurfi að rökstyðja höfnun á styrkjum til menningarmála. Sigríður Lára talar um að flagga hugtakinu Þátttökumenning. Tóro segist hafa flaggað því í sambandi við nýja menningarstefnu en tölvan sagði samt nei.

Guðfinna býður fulltrúa Leikfélags Selfoss í pontu. Sigríður kemur og segir frá öllu því jákvæða sem er að gerast hjá Leikfélagi Selfoss. Þau eru svo heppin að hafa hús til afnota og eru með rekstrarsamning við sveitarfélagið og það er ýmislegt að gerast í húsnæðismálum.

Guðfinna talar um að varðandi kynningar og mönnun þá væri hægt að vera með námskeið eða bjóða húsnæði til annara viðburða eða bjóðast til að vera með menningarstarfsemi.

Guðfinna býður Freyvangsleikhúsi í pontu.

Jóhanna og Anna María tala um Freyvang og Freyvangsleikhúsið sem hafa nýlega skrifað undir 2 ára starfssamning þó tilkynnt hafi verið að selja ætti húsið fyrr á þessu ári. Hvað skilaði þessu er

ekki á hreinu en Anna María segir að þetta sé allt pólitík. Þau tóku þátt í opnum fundum hjá báðum flokkum og bókuðu fundi í eigin persónu. Þau búa vel að því að vera í nálægð við Akureyri. Eyjafjarðarsveit telur 1100 manns. Og það hefur sína kosti og galla. Jóhanna segir að hennar rök hafi alltaf verið að það þarf fólk til að reka áhugaleikfélag og þó að Akureyringar taki þátt þá væri erfitt að reka Freyvangsleikhúsið bara á Eyfirðingum. Samningurinn var settur sem plástur fyrir kosningar af því sveitastjórnin vildi ekki gera þetta að kosningamáli, þannig að skrifað var undir 2 ára samning. Þannig að óvissan kemur aftur upp eftir 2 ár því sala Freyvangsleikhússins er ennþá á dagskrá. Eyjafjarðarsveit hefur gert vel við leikhúsið og þau hafa fengið inni frá hausti til vors en núna hafa þau húsið allt árið og einnig þá íbúð sem fylgir. Þær segja að þær búi vel að því að hafa Akureyri nálægt og því sem alltaf nóg að fólki í öll störf.

Guðfinna leggur áherslu á bein samskipti við stjórnmalamenn og sveitastjórnir og um að gera að reyna núna þegar kosningar nálgast. Stjórn Leikfélags Hafnarfjarðar segir að þau hafi farið á fundi með öllum flokkum fyrir síðustu kosningar til að tala um húsnaðismál.

Steinunn frá Flateyri talar um uppbyggingu í Gufunesi og segir að þar sé ómótað svæði sem ætti að nýta í menningarsvæði. Hugleikur kom með þessa hugmynd fyrir þremur árum en það var ekki tekið vel í það.

Guðfinna spyr hvort það séu einhverjar fréttir frá Húnaþingi vestra.

Arnar talar um að það hafi verið tvö leikfélög upprunalega. Svo mætti Sigurður Línadal á svæðið og þá var sett upp stór sameiginleg sýning, Superstar. Þar komu 30 manns saman úr báðum félögum. Leikfélögin voru svo sameinuð og fengin fulltrúi frá sveitastjórn í stjórn leikfélagsins. Fenginn var aðili sem þekkir vel til leikhússins og er baktjaldamaður. Gerður var samningur um að fá æfingartíma í félagsheimilinu frítt en svo greitt fyrir sýningartíma. Keyptur var búnaður og þau fengu fría sýningardaga í staðinn.

Ellen segir frá stöðunni hjá Leikfélagi Kópavogs. Þau eiga hús og sjá fyrir sér samvinnu við hin leikfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Þau eru ekki með fastan rekstrarsamning við sveitarfélagið lengur en hafa verið að leigja húsið. Þau stinga upp á að það væri sniðugt að fá atvinnuleikara sem byrjuðu í áhugaleikhúsi til að taka þátt í auglýsingu eða kynningarstarfi. Þau halda byrjendanámskeið tvisvar á ári og fá nýtt fólk inn þar en finnst sniðugt að halda námskeið í stjórnnum leikfélaga til að þjálfra inn nýja stjórnarmeðlimi.

Sigríður Lára segir frá því sem hefur verið að gerast hjá Leikfélagi Fljótshálsa. Fyrir nokkrum árum átti að taka húsnaði í Fellabæ af leikfélaginu og koma þeim fyrir í félagsheimili í sveitinni. Leikfélagið á að geta fengið aðgengi að salnum í sláturhúsinu. Leikfélagið er með geymsluhúsnaði í bæjar skrifstofuhúsnaðinu. Innan Múlaþings eru nokkur leikfélög og það er ekki komin mikil reynsla á hvaða áhrif sameiningin hefur á félög sem hafa legið niðri í einhvern tíma þó að það verði kannski ekki beint samstarf með sýningar. Leikfélagið hefur átt við það vandamál að stríða að erfitt er að manna vegna þess að atvinnuástand hefur verið gott. Nú virðist samt horfa til betri vegar því fleira fólk á aldrinum 20-35 mætti á aðalfund. Þau veltu fyrir

sér hvað hefur gerst og mögulega hafa uppsetningar á barnasýningum haft áhrif á nýliðun og yngri deildin er farin að vinna meira innan félagsins. Óvissa er þó með samskipti við nýja sveitastjórn á næstu árum en þau binda vonir við nýja aðstöðu í fjölnota sal í sláturhúsinu. Með því að fara í skólan opnast fyrir hugmyndir um frumlega sýningarstaði. En yfirleitt hafa samskipti við sveitastjórnir gengið vel og talar um Fjarðarborg sem mögulegan sýningarstað á Borgarfirði eystri og þar gætu verið möguleikar fyrir leikfélag þar sem atvinna er árstíðabundin. Breytingar í atvinnustarfsemi hafa einnig áhrif á framtíð áhugaleikhúss á svæðinu.

Guðfinna talar um Olígarka og fermetrafjölda.

Hanna kemur í pontu og talar um Halaleikhópin sem er blandaður hópur fatlaðra og ófatlaðra. Þau fá frítt húsnæði frá Sjálfsbjörgu í Hátúni 12. Þau eiga yfirleitt í góðu samstarfi við borgina og hafa oft fengið styrki frá borginni. Þau eiga í mestum erfiðleikum með að fá fólk, sérstaklega karlmenn. Þau vantar alltaf fólk á bakvið tjöldin líka og þurfa að stíla val á verkum inn á það að fjöldi karlmanna sé takmarkaður. Þau eru með það á dagskránni að leita eftir auknu samstarfi við hin leikfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur verið lítil endurnýjun í stjórn og væri skemmtilegra að fá fleira fólk inn í bæði starfið og til stjórnarsetu.

Guðfinna býður Leikfélagi Hafnarfjarðar í pontu.

Ingveldur stígur upp og talar um að markt hafi kviknað í þeirra samræðum og við að hlusta á önnur félög. LH hefur orðið húsnæðislaust aftur nú um áramót, þau höfðu fengið að vera í kapellunni í 2 ár eftir hafa verið húsnæðislaus í 3 ár. Þau fengu að vera þar af því að framkvæmdum á kapellunni var frestað og fengu það húsnæði eftir marga fundi augliti til auglitis og eftir að hafa fengið ýmisloforð sem voru svo svikin. Þau fengu inni í kapellunni eftir mikinn hita fund og nýttu þann tíma vel en Covid tímar voru stór hluti þess tíma. Eftir síðasta fund fengu þau að heyra að leikhús væri ekki staður, það sé hægt að sýna hvar sem er. Hafnarfjörður er íþróttasveitarfélag og stundum flagga þau menningu og mikið húrlumhæ í kringum Gaflaraleikhúsið sem er atvinnuleikhús sem er styrkt af bæjarfélaginu (22 milljónir á ári). Kapellan var metin sem 4 milljóna króna samningur en húsnæðið var ekki samþykkt af heilbrigðis eftirlitinu. Þau grisjuðu mikið núna þegar þau misstu kapelluna og gáfu og seldu allskonar dót til að þurfa ekki að pakka eins miklu í gám og þá var aðsókn mikil. Haldið var opið hús þarf sem fólk fékk að fylgjast með ferli. Leikfélagið getur sótt um menningarstyrk og það kemur fyrir að þau fá styrk en það er ekki hægt að ganga að því vísu því atvinnustarfsemi gengur yfirleitt fyrir. Miklir erfiðleikar með mönnun en það er mjög erfitt að halda í nýliða þegar lítið er hægt að gera. Mikið hefur verið keyrt á sama fólkinu í nokkur ár, en það hafa samt komið inn sterkir nýliðar á síðustu árum sem halda áfram að berjast. Stóra vandamálið er keppni við atvinnuleikhús. Áherslur bæjarfélagsins eru annarsstaðar og það virðist ekki takast að ná í gegn og vera nógu sýnileg. Það er mikil vanþekking hjá sveitarstjórnar fólk en þó að það sé fólk þar sem þekkir til þá virðist vera virðingarleysi og skeytingarleysi gagnvart því sem áhugaleikfélögin hafa fram að færa. Hún leggur einnig áherslu á að bandalagið stígi inn og taki þátt í að styðja við félögin með sameiginlegum yfirlýsingum og stuðningi. Það virðist koma smá meðbyr á 4 ára

fresti en hann virðist hverfa á milli. Starfsemin í dag liggur í samstarfsverkefnum við hin leikfélögin (LK og Hugleik). Höfundasmiðjan hittist einu sinni í viku í heimahúsi og þar halda þau sér heitum við skrif og þau vilja endilega halda áfram samstarfi. Fræðsla og sýnileiki eru mikilvægustu atriðin. Þau hlakka gríðarlega til að fá Samlestrar hlaðvarpið í loftið.

Guðfinna talar um að herja á samfélagsmiðla og hjálpast að við að deila og stingur upp á að heyra frá Flateyri.

Steinunn segir að stjórn hafi verið mynduð í mars og það sé alveg ný stjórn. Helsta áskorun sem er mögulega framundan hjá þeim er að samkomuhúsið sem leikfélagið var alltaf með en er núna í notkun hjá lýðskólanum og kvennfélaginu. Það er á reiki orðrómur um að húsið gæti verið selt og þá er spurning hvar leikfélagið getur fengið inni í framtíðinni. Þau stefna á að sýna í þessu húsi því skólinn er að fara annað en ef það gerist ekki gæti verið hægt að vinna með þeim í kringum það að koma starfsemi leikfélagsins fyrir þar aftur. Þau stefna á sýningu í haust og öfluga starfsemi næstu árin. Það er lítil reynsla innan stjórnarinnar og gott að koma hingað á þingið og finna meðbyr sem er einnig greinilegur í samfélagin heima. Og þau hafa fengið tvo styrki fyrir sýningunni sem fyrirhuguð er og finnst gaman að heyra um það hvað önnur félög eru að gera til að kynna sig og semja um við sveitarfélögin eins og námskeiðshald og fleira.

Guðfinna býður Leikfélagi Keflavíkur að kynna sig.

Brynja segir að þau séu mjög heppin. Þau hafa rekstarsamning við sveitarfélagið um Frumuleikhúsið sem karlakórinn gaf með þeim skilyrðum að þar yrði alltaf menningarstarfsemi. Sveitarfélagið á að sjá um viðhald en það lendir eitthvað eitthvað á leikfélaginu þau eru með rekstarsamning til 5 ára og börðust fyrir því. Þau eru vel mönnuð og hafa því engin tækifæri í þeirri deild. Sveitarfélagið nýtir húsið á sumrin. Þau eru dugleg að halda námskeið fyrir börn og unglinga og eru í miklu samstarfi við leikfélag fjölbrautarskólans. Brynja segir að megi alltaf hafa samband við þau ef félög eru í miklum húsnæðisvandræðum og vantar æfingahúsnæði. Hún býður okkur öllum í heimsókn í Frumuleikhúsið.

Ólöf segir frá stöðunni hjá Leikfélagi Mosfellssveitar. Í mörg á er búið hótta því að rífa leikhúsið. Þau sendu öllum framboðum spurningalista fyrir síðustu sveitastjórnarkosningar og þau töluðu um það á íbúa fundi að þau væru með starfsemi í húsinu í ca. 280 daga á ári. Þau vilja endilega halda húsinu og sagan þeirra er þar. Þau hvetja alla til að senda upplýsingar til sveitarstjórnar um sýna þátttöku í leikfélaginu. Búið er að bjóða þeim að fara í Hlégarð en það er ekki óskastaða þar sem það húsnæði hentar ekki vel og leikhús og veitingastarfsemi fara ekki vel saman. Þau hafa verið boðuð á einhverja fundi til að kynna sín mál. Þau hafa samt farið í endurnýjun. Þau ætla að bíða fram yfir kosningar og halda þá áfram viðræðum. Þau eru með samning og fá ákveðin styrk á ári og sjá um viðhald innan húss. Þau standa vel og hafa verið að leggja til hliðar til að undirbúa sig undir flutninga. Barnastarfið hefur mikið að segja í mönnun, endurnýjun og velvilja samfélagsins.

Guðfinna þakkar öllum fyrir þátttökuna í málstofunni og vekur athygli á þeim aðstöðumun sem leikfélögin á Höfðuborgarsvæðinu virðast búa við miðað við leikfélög í minni sveitarfélögum. Hún talar einnig um að aðgangur að húsnæði sé áhugaleikfélögum gríðarlega mikilvægur til að geta haldið úti reglulegri starfsemi.

Stjórn bandalagsins mun taka saman ályktun af málsstofunni og senda á félögin á næstu vikum.

Guðfinna lokar málsstofunni.

Fundarstjóri spyr hvort það séu önnur mál.

Hörður biður um orðið undir önnur mál.

Nú er það krafa að leikfélögin sendi inn upplýsingar um stjórnir með ríkisstyrksumsóknnum. Oft hefur verið misbrestur á því að leikfélög hafi sent inn þessar upplýsingar. Skvt. 13 gr. laga BÍL er félögunum skylt að senda inn slíkar upplýsingar.

Það hefur einnig verið misbrestur á því að leikfélög sækji um sýningarleyfi. Um leið og búið er að ákveða leikrit sem á að setja upp þarf að senda inn umsókn um sýningarleyfi til bandalagsins. Erfitt er að sækja um leyfi með mjög stuttum fyrirvara.

Mikil starfsemi verður verið í NEATA síðustu ár og nú er stefnt á leiklistarhátíð í Örebro í Svíþjóð, enn er verið að leita eftir fjármögnun fyrir þessa hátíð en hún verður nánar auglýst síðar.

Hinsvegar er búið að fjármagna fundarröð og verður líklega einn fundur á Íslandi í haust. Einnig hefur fengist fjármagn í starfssemi

Framkvæmdastjórn BÍL er til staðar til að hjálpa til við hvað sem þarf.

Guðný Lára kemur með fyrirspurn um starfsnám í leikhúsfræðum - leiklistarkennsla.

Brynja segir frá heimsókn á Rokksafnið.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

Boð um aðalfund hafa borist frá Freyvangsleikhúsinu og Leikfélagi Norðfjarðar og mun stjórn ræða málin og taka ákvörðun.

Fundarstjóri býður Guðfinnu að slíta fundi.

Guðfinna þakkar leikfélagi Keflavíkur fyrir að taka á móti okkur og hlakkar til að fara á að Rokksafnið og skoða aðstöðuna þeirra í Frumleikhúsinu.

Hún þakkar fundarstjóra fyrir skelegga stjórn og öllum fyrir komuna.

Hún þakkar kærlega fyrir góðan fund og slítur fundi.